

Fundur skólaráðs Grunnskólans á Eskifirði

Haldinn 10. janúar 2018 kl. 16:15 í sal skólans

Fundinn sátu: Friðrik Á. Þorvaldsson kennari og formaður skólaráðs, Petrína Kristín Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi, Eva Dröfn Sævarsdóttir fulltrúi foreldra, Páll Birgir Jónsson fulltrúi foreldra, Henný Gigja Guðbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Benedikta Diljá Pétursdóttir fulltrúi nemenda og Birgir Jónsson skólastjóri.

Nemendaráð: Svanhildur Sól Sigurbjarnardóttir formaður, Sunneva María Pétursdóttir varaformaður, Anton Berg Sævarsson fulltrúi 8. bekkjar, Sveinn Sigurbjarnarson fulltrúi 7. bekkjar og Sara Rut Magnadóttir fulltrúi 6. bekkjar.

Fundurinn var sameiginlegur fundur skólaráðs og nemendaráðs. Slíkir fundir skulu haldnir einu sinni á ári og þar skal ræða hagsmunamál nemenda.

1. mál Nemendaráð fór yfir hvað þau hafa gert á skólaárinu.

Eineltisdagurinn, ullarsokkadagurinn, Snjóball, bíó fyrir 1.-5. bekk og árshátið eru dæmi um hvað þau hafa gert eða eiga eftir að gera á árinu.

2. mál Umræða almennt um hvað mætti betur fara að mati nemendaráðs

Hegðun í matartímum og almenn hegðun eldri bekkja. Vilja vera góðar fyrirmyndir fyrir yngri krakkana bæði hvað varðar hegðun og málfar.

Lélegir sófar og betri umgengni.

Þau vilja betrumbæta nemendaráðið og upplýsingaflæðið frá þeim svo þau bjuggu til Facebook like síðu.

Matinn þarf að betrumbæta og hafa meiri fjölbreytni. Fulltrúar nemenda í ungmennaráði Fjarðabyggðar eru búnir að safna undirskriftum sem þau afhenda bæjarstjórn Fjarðabyggðar og halda ræðu til að rökstyðja mál sitt á sameiginlegum fundi ungmennaráðs og bæjarstjórnar.

Tæknimál þarf að laga, er alls ekki í nógu góðu ástandi eins og er t.d. talað um hátalara í salnum og tæknimálin í efri bekkjum skólans. Ákveðið að ræða við Eskju varðandi styrk fyrir tæknimál.

Aðbúnaður í skólastofum alls ekki nógu góður. Ónýtur dúkur á einni skólastofunni og mjög lélegir gluggar, þetta er eitthvað sem þyrfti að fara í sem allra fyrst.

Skólalóðin og aðbúnaðurinn á henni er með öllu óásættanlegur. Léleg tæki og illa útbúin. Hann er hreinlega að verða hættulegur. Ákveðið var að senda ályktun til bæjarráðs varðandi skólalóðina og krefjast úrbóta áður en slys hlýst af.

Ályktun fundarins:

Fundurinn skorar á bæjarráð að beita sér fyrir því að framkvæmdir við skólalóð Grunnskólans á Eskifirði hefjist þegar í stað, áður en alvarleg slys verða.

Úttektir Heilbrigðiseftirlits Austurlands undanfarin ár hafa bent á þá hættu sem stafar af ástandi lóðarinnar og nú verður ekki lengur við unað.

Fundi slitið kl. 17:15

Eva Dröfn Sævarsdóttir